

Vegna: Máls nr. 0601/2026, Sundin - Dyngjuvegur 18, Leikskólinn Sunnuás - USK26040107 (Auglýsing tillögu)

Athugasemd:

Veitur vilja sérstaklega benda á að vatnsveitulögn er staðsett innan lóðar. Við framkvæmdir í nágrenni hitaveitulagna og rafmagnsstrengja þarf að tryggja fullnægjandi vernd lagna og strengja á framkvæmdartíma. Mikilvægt er að haft verði samráð við Veitur tímanlega áður en framkvæmdir hefjast.

Höfundur: Tinna Traustadóttir

Sent inn þann: 09.06.2026 , **Fyrir hönd:** Veitur

Vegna: Máls nr. 0601/2026, Sundin - Dyngjuvegur 18, Leikskólinn Sunnuás - USK26040107 (Auglýsing tillögu)

Athugasemd:

Sundin - Dyngjuvegur 18, Leikskólinn Sunnuás - USK26040107

Athugasemdir við tillögu um breytingu á deiliskipulagi, sjá meðfylgjandi viðhengi

Oddgeir Þórðarson,
Laugarásvegi 75
104 Reykjavík

Netfang: goform-oth@simnet.is

Höfundur: Oddgeir Þórðarson

Sent inn þann: 26.06.2026

Viðhengi:

2.1.Dyngjuvegur 18 - athugasemdir.pdf

Sundin - Dyngjuvegur 18, Leikskólinn Sunnuás - USK26040107

Athugasemdir við tillögu um breytingu á deiliskipulagi

Reykjavík 24. júní 2026

Undirritaður hefur búið á Laugarásvegi 75, við hlið leikskólans að Dyngjuvegi 18, frá 2001. Inngangur íbúðar er um 3m frá lóðarmörkum leikskólans. Fyrir endurnýjun á lóð leikskólans fyrir u.þ.b 10-15 árum, voru aldrei vandamál með leikskólann sem nágranna.

Ég geri alvarlegar athugasemdir við stækkun á leikskólanum, í skóla með um 180 börn, miðað við núverandi skipulag byggingar og lóðar. Það verður að skoða staðsetningu útivistarsvæða og byggingar með tilliti til mikillar nálægðar leikskólans við næstu nágranna og gera ráðstafanir til að minnka hljóðmengun og annað áreiti. Í núverandi tillögu er verið að stækka leikskólabygginguna umtalsvert en að sama skapi er gengið á það rými sem börnin hafa til útivistar og skv. tillögunni er aðal útivistarsvæði leikskólans staðsett alveg upp að lóðarmörkum við Laugarásveg 75, eða í um 3ja metra fjarlægð frá íbúð okkar. Þá er óljóst hvaða áhrif fyrirhuguð stækkun á byggingarreit B (tímabundinn byggingareitur) í þeim tilgangi að hafa möguleika á að koma fyrir öðrum tímabundnum einingum í framtíðinni mun hafa á framtíðarskipulag leikskólans.

Leikskólabörnum í leikskólanum hefur fjölgað síðustu áratugina og allar þær breytingar sem gerðar hafa verið vegna leikskólans og á lóð hans á undanförunum árum sýna algjört tillitsleysi að hálfu borgarinnar gagnvart næstu nágrönnum.

Við endurnýjun leikskólalóðar fyrir um það bil 10-15 árum var m.a. fjarlægt gróðurbelti næst lóðarmörkum sem áður hafði skapað ákveðna fjarlægð og næði. Þá voru sömuleiðis gerð mistök varðandi efnisval og lagðir tréspænir alveg upp að girðingu á lóðarmörkum. Þetta ásamt hæðamismun á lóðunum orsakaði að tréspænir runnu í miklu magni í gegnum girðinguna og yfir í okkar innkeyrslu. Það tók um tvö ár að fá einhverjar úrbætur vegna þessa, sem í dag eru þó lítt til prýði (óræktarbeð) og koma ekki í veg fyrir grjótkast frá leikskóla en það er búið að vera sífellt vandamál síðan lóð leikskólans var endurnýjuð, þrátt fyrir kvartanir í tuga tali. Þetta hefur orsakað rispur á rúðum við aðalinngang íbúðar og bara í þessum mánuði hafa komið tugir steina fljúgandi yfir girðinguna í hús og við inngang. Í raun er ekki mögulegt fyrir okkur að leggja bíl fyrir framan bílskúrinn vegna hættu á skemmdum af þessum völdum.

Við staðsetningu bráðabirgðahúsnæðis fyrir leikskólann, gleymdist líka að taka tillit til nágranna auk þess sem endanleg framkvæmd var talsvert frábrugðin því sem

komið hafði fram í grenndarkynningu. Þær breytingar voru síðan lagðar fram til samþykktar hjá borginni þegar þær höfðu þegar verið framkvæmdar og samþykkt skipulag var þannig fært til samræmis við áorðnar breytingar.

Þannig kom fram í kynningarefni um nýtt deiliskipulag vegna bráðabirgðahúsnæðis fyrir leikskólann að við leikskólann yrðu nokkur sleppistæði innan lóðar, stæði fyrir hreyfihamlaða og að starfsmenn leikskóla myndu leggja á bílastæði starfsmanna við Dyngjuveg. Raunveruleg útfærsla var hins vegar sú að engin sleppistæði eru til staðar en þess í stað var opnum sorptunnugeymslum komið fyrir beint fyrir framan leikskólann með tilheyrandi sjónmengun og sóðaskap. Stæði fyrir hreyfihamlaða var ekki til staðar eins og kynnt hafði verið en slíku stæði var að lokum komið fyrir við Laugarásveg andspænis leikskólanum. Sömuleiðis er bráðabirgðabygging leikskólans innan við 3 m frá lóðarmörkum en ekki tæpa 5m eins og kynnt var. Þá leggja starfsmenn leikskólans daglangt meðfram Laugarásvegi næst leikskólanum en ekki við Dyngjuveg eins og staðhæft var.

Allt þetta veldur því að mikið umferðaröngþveiti og í raun hættuástand skapast við leikskólann, sérstaklega á álagstímum í upphafi og lok dags, þar sem gatan er nú nánast einstefnugata.

Þá hefur hávaðamengum frá leikskólanum aukist mjög. Þannig var í upphafi óásættanlegur hávaði frá loftræstingu í bráðabirgðahúsnæði leikskóla sem truflaði nætursvefn. Það tók eitt ár og margítrekaðar kvartanir að fá settar upp hljóðgildrur sem ætlað er að dempa hávaðann. Fjölgun barna og staðsetning útivistarsvæðis veldur sífellt auknu áreiti. Á útivistartímum barna mælist hávaði yfir 60 og upp í 70db við inngang íbúðar enda aðalútivistarsvæðið nú um 4-5 metra frá inngangi íbúðar.

Þessi mikla nálægð leikskólans við íbúðarhúsnæði hefur hingað til verið leyst með yfir 3ja metra hárri timburgirðingu sem dugir þó engan vegi til og hefur mjög takmarkaða hljóðdempun. Þá hefur þessari girðingu ekki verið viðhaldið af borginni í áratugi. Við endurnýjun leikskóla nú verður að leysa þetta vandamál á ásættanlegan hátt, með hljóðdempandi vegg t.d. steypum. Sömuleiðis þarf að skoða aðstæður frá báðum hliðum, líka frá sjónarhorni og aðstæðum nágretta og meta hvernig best er að leysa þennan vanda. Ég geri ráð fyrir því að við sem nágrettar höfum eitthvað um málið að segja.

Í dag er staðreyndin sú að starfsmenn leikskólans og annarra stofnana borgarinnar sem staðsett eru við götuna, taka flest bílastæði sem í boði eru næst leikskóla. Þó bílastæði þessi séu sannanlega til sameiginlega afnota er mikill munur á hvort bílum sé þar lagt tímabundið eða hvort stórir vinnustaðir séu nánast án bílastæða og starfsmenn þeirra leggi daglangt meðfram götunni með tilheyrandi þrengslum fyrir umferð.

Innkeyrsla að Laugarásvegi 75 er mikið notuð sem bílastæði og jafnvel lagt þar í lengri tíma þannig að við komumst ekki til/frá húsinu. Þá hefur komið fyrir að fólk hefur lagt bílum sínum á einkastæði upp í innkeyrslu á Laugarásvegi 75 og haldið að

sú lóð tilheyrði leikskólanum. Sömuleiðis kemur fólk upp innkeyrsluna til þess að leita að inngangi á útisvæði leikskólans.

Árið 2017 var metið að bygging (sjoppa) við Langholtsveg 70 væri í slæmu ástandi. Sú bygging hefur síðan verið í algerri niðurníðslu með leiðindum fyrir nágrennið og alla sem þar eiga leið um. Það er löngu kominn tími til að binda enda á þann vandræðagang sem hefur einkennt þetta verkefni og tímabært að endurskoða skipulag og notkun lóðar við Langholtsveg 70 og Sunnutorg í tengslum við endurnýjun á leikskólanum.

Ég tel núverandi stöðu í tengslum við bráðabirgðahúsnæði leikskólans og þær breytingar sem fylgt hafa í kjölfarið vera það stóran galla á minni fasteign að ég óska eftir að fá skýr svör um það hvenær áætlað er að nýr leikskóli verði tilbúinn, gámar sem hýsa bráðabirgðahúsnæði leikskólans verði farnir og bílastæði færð til fyrra horfs.

Kveðja,

Oddgeir Þórðarson

Laugarásvegi 75

104 Reykjavík.

Mál nr. 0601/2026 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0601/2026, Sundin - Dyngjuvegur 18, Leikskólinn Sunnuás - USK26040107 (Auglýsing tillögu)

Athugasemd:

Athugasemd Láru Óskarsdóttur

Höfundur: Helena Stefánsdóttir

Sent inn þann: 02.07.2026

Viðhengi:

4.1.Ath. Lára Óskarsdóttir.pdf

Sundin - Dyngjuvegur 18, Leikskólinn Sunnuás - USK26040107

Athugasemdir við útfærslu á bráðabirgða útfærslu á húsnæði leikskólans.

Reykjavík 29. júní 2026

Undirrituð hefur búið á Laugarásvegi 58 frá 2015. Húsið er gegnt leikskóla sem er með skráð heimilisfang að Dyngjuvegi 18. Fyrir breytingar á lóð leikskólans upplifði ég ekki leikskólann sem vandamál. Vandræðin hófust eftir að gámahús voru sett niður á bílastæði við gamla leikskólann með tilheyrandi vandræðum fyrir okkur nágrannanna.

1. Með því að hafa sett gámahús leikskóla, sem á alls ekki heimili við Laugarásveg, þétt við götuna með aðalinngang frá Laugarásvegi skapast hættuástand með umferðaröngþveiti bæði morgna sem seinnipart. Foreldrar/forráðamenn ungra barna taka börn sín út úr bílum beint út á götu sem varla getur talist í lagi. Bílum er lagt upp á gangstétt sem hamlar gangandi og skapar hættu. Við nágrannar komust illa að og frá okkar húsnæði vegna þess að foreldrar/forráðamenn leggja við eða fyrir innkeyrslur. Það sama á við um þjónustubifreiðar og ökutæki starfsmanna. Stöðugt er lagt á hjólastíg sem merktur er norðan megin á Laugarásvegi slíkt stenst varla reglur um hjólandi umferð.
2. Það vekur upp spurningar af hverju leikskóli sem hefur heimilisfang á Dyngjuvegi sé ætlað allt aðgengi frá Laugarásvegi. Tímabundið ástand er líkleg skýring á því en það sér hver maður að þetta tímabundna ástand verður ansi langt og mun reyna á.
3. Við Laugarásveg standa þrjár opinberar stofnanir sem hafa samsamað sig vel hér í hverfinu. Það sem hefur valdið óþarfa núningi er skortur á bílastæðum. Að vinnustaður sé settur upp án þess að gert sé ráð fyrir nægum bílastæðum fyrir starfsfólk er ekki boðlegt. Ef þú lesandi góður ert í opinberu starfi býst ég við að þú hafir möguleika á að leggja bíl þínum við vinnustaðinn.

Eftirfarandi skálettraður texti er úr samantekt útskriftar úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur dags. 22. apríl. USK26040107 frá 22. apríl 2026 þar sem lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Sunda vegna lóðarinnar nr. 18 við Dyngjuveg, Leikskólinn Sunnuás.

Fyrirhuguð er endurbygging á leikskólanum Sunnuási, sem er á horni Laugarásvegar, Langholtsvegar og Dyngjuvegar. Eftir hana verður Sunnuás tíu deilda leikskóli, með um 180 nemendum og 50 starfsmönnum. Starfrækt verður ungbarnadeild á Sunnuási, eftir stækkun leikskólans. Bílastæðapörf Sunnuáss eftir uppbyggingu er 34 bílastæði. Hjólastæðapörf er 56 hjólastæði, þar af 38 opin á yfirborði og 18 í læstum hjólageymslum fyrir starfsfólk.

Það þarf ekki mikla né flókna útreikninga til að fá það út að bílastæði við leikskólann verða engan veginn nægjanleg. 34 bílastæði fyrir 180 barna -fjölskyldur duga skammt sé horft á ástandið við leikskólann í dag þar sem foreldrar koma akandi með börn sín og koma akandi að sækja þau seinnipartinn. Þar að auki er áætlaður fjöldi starfsmanna 50 manns svo tala bifreiða í kringum skólann og við hann fer yfir 200.

Það sér hver maður sem gefur sér tíma til að horfa upp á ástandið alla virka daga að þessi útreikningur er út í hött. Hjólandi eru í algjörum minnihluta svo þessi tillaga er engan veginn í samræmi við raunveruleikann. Að stækka stofnun eða setja slíka starfsemi niður í íbúðahverfi skyldi vera í þökk íbúa. Stöðugt áreiti af umferð, hávaða eða öðru tilheyrandi hjálpar ekki til og skapar óvild sem er ekki boðleg. Hvert hverfi ætti stolt að státa af því að þar séu sambýli, skólar og aðrar þjónustustofnanir fyrir borgarbúa og eiga borgaryfirvöld að hanna og byggja í samræmi við gróin svæði til að tryggja góða upplifun allra.

Lára Óskarsdóttir

Laugarásvegi 58

104 Reykjavík